

## Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir árið 2002

### Flutt á aðalfundi félagsins 13.febrúar 2003

#### **343. starfsár**

#### **54.-drög 12.febrúar 2003\_eó**

Árið 2002 stóð Skýrslutæknifélagið fyrir 11 atburðum sem 1.286 manns sóttu. Það er nokkur fækkun frá árunum 2000 og 2001, en jafnframt fjórði mesti fjöldi í sögu félagsins. Félagsmönnum fjölgaði úr 823 í 868 og hafa þeir ekki verið fleiri. Fjölgunin skýrist hins vegar alfarið af inngöngu félagsmanna DECUS í félagið og ef hún hefði ekki komið til, hefði félagsmönnum fækkað. Afkoma félagsins var því miður neikvæð og nokkrar blikur eru á lofti.

#### **1. Ráðstefnur og fundir**

Umfangsmesti hlutinn í starfsemi félagsins er sem fyrr að standa fyrir áhugaverðum fundum og ráðstefnum á sviði upplýsingatækni, að miðla þekkingu með þeim hætti í samræmi við markmið félagsins. Í þessu felst hugmyndavinna og annar undirbúningur og síðan framkvæmd ráðstefna og funda. Á liðnu ári stóð félagið fyrir 6 ráðstefnum og 5 hádegisverðarfundum, en til samanburðar voru haldnar 6 ráðstefnur og 6 hádegisverðarfundir árið 2001. Alls sóttu þessa 11 atburði ársins 2002 1.286 manns, 38% þeirra voru félagsmenn en 62% utanfélagsmenn. Til samanburðar var hlutfall félagsmanna 42% og utanfélagsmanna 58% árið á undan og hefur þátttaka utanfélagsmanna því heldur aukist. Að meðaltali komu 117 á hvern atburð á árinu 2002 á móti 121 árið áður og er það fjórða hæsta meðaltal í sögu félagsins.

**1.1 -Betri upplýsingar – bætt heilsa** var heiti fyrsta atburðar ársins sem var heils dags ráðstefna haldin 6. febrúar og fjallaði um notkun upplýsingatækninnar í heilbrigðisþjónustu. Ráðstefnan var mjög vegleg með þekktum erlendum aðalfyrirlesara og tveimur samhlíða fyrirlestrálinum hálfan daginn.

**1.2 -Með allt á hreinu** kölluðum við aðra ráðstefna-ráðstefnu ársins sem var haldin 14. mars og fjallaði um notkun rafrænna skilríkja. Aðalfyrirlesarinn var erlendur, ráðstefnan fjölmenn og áhugaverð, var sjónum m.a. beint að því sem gert hefur verið hér á landi á þessu sviði.

**1.3 -Þekkingarsetur – íslenskur kísildalur** var yfirskrift hádegisverðarfundar um þekkingarþorp eða vísindasetur sem fram fór 4. apríl.

**1.4 -Rafræn viðskipti – tækifæri eða tálsýn.** Í samráði við SARÍS höldum við morgunráðstefnu sem endaði á pallborði yfir hádegisverði 17.

Sniðið

Sniðið

Sniðið

apríl. Viðskiptaráðherra setti ráðstefnuna og enn var boðið upp á erlendan aðalfyrlesara. Stefnt er að því að halda SARÍS-ráðstefnu árlega í samræmi við hlutverk Ský í SARÍS.

**1.5 -Yfirtaka Microsoft á Navision** var efni hádegisverðarfundar 14. maí. Yfirtakan var útskýrð og áhrif hennar á íslensk fyrirtæki vegin og metin.

**1.6 -IP-símar, framtíð eða nútíð?** var heiti fjölmennustu ráðstefnu og sýningar ársins sem fjallaði um IP-símtækni og fór fram 24. maí. Þarna var farið yfir stöðu þessara mála hér á landi, auk þess sem tveir fulltrúar erlendra framleiðenda lýstu framtíðarsýn sinna fyrirtækja á þessu sviði.

**1.7 -Með vitið á vísun stað. Þekkingarstjórnun – þykjustuleikur eða alvara?** var heiti vel heppnaðrar og fjölmennrar ráðstefnu og sýningar um þekkingarstjórnun sem við héldum 17. september í samstarfi við **Félag um skjalastjórn.**—Þarna fékk einn fyrirlesarinn hæstu einkunn ráðstefnugesta í sögu félagsins.

**1.8 VPN – tengileið nútímans?** kölluðum við fjölmennan hádegisverðarfund 4. október um sýndareinkanet. Svo mikill var áhuginn á þessum fundi að færri komust að en vildu. 145 manns fengu þó sæti.

**1.9 Er lægðinni að ljúka?** var yfirskrift hádegisverðarfundar sem haldinn var 6. nóvember. Þarna fóru nokkrir þekktir stjórnendur yfir UT-sviðið og spáðu í framhaldið [sem því miður virðist ekki bjart.](#)

**1.10 Er líf eftir .com? Hugbúnaðargerð á krossgötum** var heiti árvissrar hugbúnaðarráðstefnu félagsins sem beindi nú sjónum að afköstum í hugbúnaðargerð og var haldin 21. nóvember. Er skemmst frá því að segja að ráðstefnan tókst í alla staði vel, fékk gott mat hjá ráðstefnugestum og var fjölsótt.

**1.11 Þráðlaus jól** nefndum við síðasta atburð ársins sem var hádegisverðarfundur haldinn 6. desember um þráðlaus net fyrir heimili og minni fyrirtæki.

## **2. Tímaritið Tölvumál – nýr vefur, nýtt útlit**

Eftir miklar umræður í stjórn félagsins var sú ákvörðun tekin á vormánuðum 2002 að breyta tímaritinu Tölvumálum að mestu í vefrit í tengslum við nýjan vef félagsins sem tekinn var í notkun í nóvember sl. Ástæðurnar eru m.a. hrun auglýsingatekna og langur vinnslutími blaðsins. Tvö blöð voru þó gefin út á fyrri hluta ársins og stefnt er að útgáfu eins blaðs á ári framvegis þar sem uppistaðan verður úrval þeirra greina sem birtast á vefnum. [Töluverð endurnýjun og fjölgun varð í ritstjórn blaðsins nýlega og er full ástæða til að ætla að þess sjáist merki fljótlega.](#)

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að breyta skammstöfun félagsins úr S.Í. í Ský og í framhaldi af því var hannað nýtt merki og útlit félagsins sem nýtist á vefnum, í blaðinu, í auglýsingum og víðar þar sem félagið kemur við sögu.

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Með þessum breytingum vonumst við til þess að gera vef félagsins áhugaverðari með meira og nýrra efni, gera ásjónu félagsins betri og jafnframt að stuðla að hagræðingu í rekstri félagsins.

### 3. Orðanefnd.

Fyrir ári ákvað stjórn félagsins að styðja útgáfu táknaalista sem var gefinn út nýlega undir heitinu "Íslensk táknaheiti". Þá urðu þau ánægjulegu tíðindi á liðnu ári að í framhaldi af umsókn formanns orðanefndar félagsins fékkst styrkur að upphæð 125.000 DKR frá Norræna málráðinu til þess að endurskoða og uppfæra Tölvuorðasafnið. Stjórnin kann orðanefndinni bestu þakkir fyrir þetta frumkvæði [og þakkar henni jafnframt fyrir óvenju langt og gott starf undanfarna áratugi. Þá telur stjórn félagsins rétt að skoða vel þann möguleika að efla starf nefndarinnar með því að fjölga nefndarmönnum og styrkja jafnframt tengsl stjórnar og skrifstofu við orðanefnd félagsins.](#)

### 4. Tölvuökuskírteini – TÖK

~~Á liðnu ári voru gefin út 128 ný hæfnisskírteini og 90 útskrifuðust með fullgild tölvuökuskírteini. Alls hafa verið gefin út 542 hæfnisskírteini og samtals 231 hafa útskrifast frá upphafi árið 2000.~~

~~Ný útgáfa af námsefninu hefur verið þýdd, en prófmiðstöðvum fækkaði úr 15 í 9. Þrátt fyrir miklar væntingar hefur ekki tekist að breiða út TÖK eins og að var stefnt. Í mars er von á nefnd frá ECDL foundation á Írlandi sem mun fara yfir stöðu mála hér á landi og miðla okkur af sinni reynslu. Jafnframt mun stjórn félagsins skoða og endurmeta stöðuna á næstu mánuðum. Á liðnu ári voru gefin út 128 ný hæfnisskírteini og 90 útskrifuðust með fullgild tölvuökuskírteini. Alls hafa verið gefin út 542 hæfnisskírteini og samtals 231 hafa útskrifast frá upphafi árið 2000.~~

Ný útgáfa af námsefninu hefur verið þýdd og prófmiðstöðvar eru nú 9. Í mars er von á nefnd frá ECDL foundation á Írlandi sem mun fara yfir stöðu mála hér á landi og miðla okkur af sinni reynslu. Jafnframt mun stjórn félagsins skoða og endurmeta stöðuna á næstu mánuðum.

### 5. Innlent samstarf

Í framhaldi af stefnumótun stjórnar félagsins fyrir nokkrum misserum var efnt til samstarfs við tvö félög á árinu 2001 eins og gerð var grein fyrir á aðalfundi í fyrra. Félagið er aðili að SARÍS – samstarfi um rafrænt Ísland ásamt FUT, Icepro og EAN og félagið DECUS er faghópur innan félagsins. Eins og fram kom að framan er stefnt að einni ráðstefnu á ári í samstarfi við SARÍS.

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Jafnframt er nú stefnt að óvenju umfangsmikilli ráðstefnu í maí í samstarfi við DECUS.

Undanfarin ár hefur Ský átt fulltrúa í stjórn FUT. Sá fulltrúi er núna ritari félagsins sem hefur jafnframt stýrt tækninefnd um öryggismál sem ætlað er að gera úttekt á stöðu, notkun og þróun öryggisstaðla í upplýsingatækni og koma með tillögur um það hvernig best sé unnið að þessum málum.

## **6. Erlent samstarf**

Haustið 2002 sótti formaður annan formannafund CEPIS, Evrópusamtaka upplýsingatæknifélaga og fékkst til þess styrkur frá NDU. Mikið var rætt um nýja námið EUCIP (EUropean Certification of Informatics Professionals) sem verið er að hleypa af stokkunum. Markhópur EUCIP er fólk sem vinnur við upplýsingatækni en hefur ekki háskólapróf á því sviði og er því ólíkur markhópnum fyrir TÖK.

Framkvæmdastjóri sótti tvo fundi á vegum ECDL-foundation vegna TÖK. Þar var m.a. rætt um markaðsmál, nýja og litla markaði, stjórnun og hvernig gæðaeftirliti er háttað.

## **7. Afkoma félagsins**

Í upphafi síðasta starfsárs (2002), setti stjórnin sér það markmið að reka félagið ekki með tapi annað árið í röð, en afkoman var óvenju slæm árið 2001. Ákveðið var að skera niður kostnað á nokkrum sviðum, t.a.m. í tengslum við Tölvumál, utanlandsferðir og erlenda fyrirlesara. Þrátt fyrir töluverðan árangur á nokkrum sviðum, náðist þetta markmið því miður ekki og er tap félagsins á árinu tæpar 600.000 kr. Það eru því blikur á lofti, enda má segja að starfsemi félagsins sé áhættusöm vegna þess hver háð við erum tekjum af ráðstefnum og fundum á hverjum tíma. Þá hafa almennar aðhaldsaðgerðir fyrirtækja og stofnana leitt til úrsagna úr félaginu, menn spyrja hvers vegna þeir ættu að gerast og vera félagsmenn og vilja fá eitthvað áþreifanlegra fyrir sinn snúð. Það er því hætt við því að félagsmönnum fækki á árinu 2003, einnig vegna þess að fjölgunina á liðnu ári má alfarið rekja til félagsmanna DECUS sem fengu sérstakt inngöngutilboð þegar félagið gerðist faghópur innan félagsins. Stjórn félagsins er ljós þessi vandi og mun leitast við að bregðast við honum eins og hægt er.

## **Lokaorð**

Starfsemi Skýrslutæknifélagsins byggir að miklu leyti á sjálfböðavinnu margra einstaklinga. Þar má nefna stjórnarmenn sem bera ábyrgð á stefnumótun auk þess að standa að undirbúningi flestra atburða á vegum félagsins o.fl., ritnefnd sem sér um útgáfu Tölvumála ásamt því að semja og útvega efni á heimasíðu félagsins og svo orðanefnd sem styður vissulega við það markmið félagsins að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni.

Ég vil þakka öllum þessum aðilum ásamt framkvæmdastjóra og ritara félagsins og öðrum sem lagt hafa hönd á plóg við að efla starfsemi félagsins.

Þrátt fyrir þær blikur sem ég nefndi áðan, fullyrði ég að stjórnarmenn hafa bæði metnað og kraft til þess að efla starf og afkomu félagsins og mæta þörfum félagsmanna sem e.t.v. eru að breytast. Ég er líka sannfærður um að félagið á sér bjarta framtíð og að það verði áfram mikilvægur og nauðsynlegur vettvangur fólks í upplýsingatækni.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands.

Eggert Ólafsson

### 7. Afkoma félagsins

Í upphafi síðasta starfsárs (2002), setti stjórnin sér það markmið að reka félagið ekki með tapi annað árið í röð, en afkoman var óvenju slæm árið 2001. Ákveðið var að skera niður kostnað á nokkrum sviðum, t.a.m. í tengslum við Tölvumál, utanlandsferðir og erlenda fyrirlesara. Þrátt fyrir töluverðan árangur á nokkrum sviðum, náðist þetta markmið því miður ekki og er tap félagsins á árinu tæpar 600.000 kr. Það er því ljóst að nokkrar blikur eru á lofti. Það eru því blikur á lofti. Almennar aðhaldsaðgerðir fyrirtækja og stofnana hafa leitt til úrsagna úr félaginu, menn spyrja hvers vegna þeir ættu að gerast og vera félagsmenn og vilja fá eitthvað áþrifað fyrir sinn snúð. Það er því hætt við því að félagsmönnum fækki á árinu 2003, einnig vegna þess að fjölgunina á liðnu ári má alfarið rekja til félagsmanna DECUS sem fengu sérstakt inngöngutilboð þegar félagið gerðist faghópur innan félagsins. Stjórn félagsins er ljós þessi vandi og mun leitast við að bregðast við honum eins og hægt er.

### Lokaorð

Starfsemi Skýrslutæknifélagsins byggir að miklu leyti á sjálfbæðavinnu margra einstaklinga. Þar má nefna stjórnarmenn sem bera ábyrgð á stefnumótun auk þess að standa að undirbúningi flestra atburða á vegum félagsins o.fl., ritnefnd sem sér um útgáfu Tölvumála ásamt því að semja og útvega efni á heimasíðu félagsins og svo orðanefnd sem styður vissulega við það markmið félagsins að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni.

Ég vil þakka öllum þessum aðilum og ásamt einnig framkvæmdastjóra og ritara félagsins og öðrum sem lagt hafa hönd á plóg við að efla starfsemi félagsins.

Þrátt fyrir þær blikur sem ég nefndi áðan, fullyrði ég að stjórnarmenn hafa bæði metnað og kraft til að efla starf og afkomu félagsins, og mæta þörfum félagsmanna sem e.t.v. eru að breytast. Ég er líka sannfærður um að félagið á sér bjarta framtíð og að það verði geti áfram verið áfram mikilvægur einn helsti og nauðsynlegur vettvangur fólks í upplýsingatækni, hér á landi.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélagsins, 12. febrúar 2003

Eggert Ólafsson

## **Skýrsla stjórnar – viðauki**

Sniðið

Árið 2002 var 34. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 868 í lok starfsárs.

### **Stjórn**

Aðalfundur var haldinn 14. febrúar 2002.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2002:

Eggert Ólafsson, formaður

Stefán Kjærnsted, varaformaður

Brynja Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Svana Helen Björnsdóttir, ritari

Sigurborg Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Einar H. Reynis, meðstjórnandi

Heiðar Jón Hannesson, varamaður

Ólafur Aðalsteinsson, varamaður

Haldnir hafa verið 20 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

Sniðið

### **Fjármál**

Gjöld umfram tekjur á árinu voru kr. 593.285,-. Ívar Guðmundsson hjá Deloitte og Touche hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins en félagsgjörmir endurskoðendur voru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

### **Útgáfumál**

Ritstjórn hefur haldið um 24 fundi á starfsárinu og gefið út 2 tölublöð af 27. árgangi. Alls 64 blaðsíður með um 18 greinum um tölvur og upplýsingtækni, auk annars efnis. Arnaldur Axfjörð, Jóhann Ásgrímsson og Kristján Geir Arnþórsson gengu úr ritstjórn á árinu.

Ritstjórn skipa nú:

Einar H. Reynis, ritstjóri

Baldur Sigurðsson

Gestur Svavarsson

Ólafur Ingbórsson

Stefán Hrafn Hagalín

Þorvarður Kári Ólafsson

### **Nefndir**

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður

Örn Kaldalóns

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Baldur Jónsson  
Þorsteinn Sæmundsson

*Síðanefnd:*

Erla S. Árnadóttir, formaður  
Snorri Agnarsson  
Gunnar Linnet

*Verkefnisstjórn Tölvuökuskírteinis:*

Sigrún Gunnarsdóttir  
Jens Andrésson  
Magna Fríður Birnir

*Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:*

Svana Helen Björnsdóttir  
Til vara Eggert Ólafsson

*Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:*

Óskar B. Hauksson  
til vara Eggert Ólafsson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði.

**Ráðstefnur og fundir**

1. Heilsdagsráðstefna, *Betri upplýsingar - bætt heilsa. Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu*, haldin 6. febrúar, þátttakendur 88.
2. Hálf dagsráðstefna, *Með allt á hreinu*, haldin 14. mars, þátttakendur 130.
3. Hádegisverðarfundur, *Þekkingarsetur*, sem haldinn var 4. apríl, þátttakendur 57.
4. Hálf dagsráðstefna, *SARIS Rafræn viðskipti*, haldin 17. apríl, þátttakendur 82.
5. Hádegisverðarfundur, *Yfirtaka Microsoft á Navision*, haldinn 14. maí, þátttakendur 61.
6. Hálf dagsráðstefna, *IP Símatækni*, haldin 24. maí, þátttakendur 148.
7. Hálf dagsráðstefna, *Með vitið á vísun stað*, haldin 17. september, þátttakendur 136.
8. Hádegisverðarfundur, *VPN*, haldinn 3. október, þátttakendur 145.
9. Hádegisverðarfundur, *Er lægðinni að ljúka?* haldin 6. nóvember, þátttakendur 78.
10. Hálf dagsráðstefna, *Er líf eftir. com?* haldinn 21. nóvember, þátttakendur 119.
11. Hádegisverðarfundur, *Þráðlaus jóla*, haldinn 6. desember, þátttakendur 65.

Samanlagt hafa því 1.286 sótt hefðbundna fundi og ráðstefnur á vegum félagsins á árinu, eða 117 að meðaltali.

Starfsmenn félagsins á árinu 2002 voru Hólmfríður Arnadóttir, framkvæmdastjóri og Sóley Jensdóttir, ritari.

**Sniðin:** áherslumerki og tölusetning

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Sniðið

Sniðið

§

§